



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð


**Sendandi:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

### **Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um kosningaþátttöku í verkefninu Hverfið mitt**

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs dags. 11. janúar 2023. var meðfylgjandi fyrirspurn vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, sbr. 5. lið fundargerðar sama dag.

Svar Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Á meðfylgjandi mynd kemur fram kosningaþátttaka fyrir árin 2012 - 2023. Á þeirri mynd er ljóst að kosningaþátttaka hefur minnkað á milli árunna 2021 og 2023. Erfitt er að segja til um hver er ástæða þess. Meðal þess sem gæti skýrt slíka breytingu á kosningaþátttöku er m.a. breyttar áherslur í auglýsingum og almennt minnkandi kosningaþátttaka almennings.



Virðingarfyllt,  
Anna Kristinsdóttir  
Miðlæg stjórnarsýsla  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa



## FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

**Sendandi:** Fulltrúi Flokks fólksins

---

### ***Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 23. nóvember 2023: Fyrirspurn um kosningaþátttöku í verkefninu hverfið mitt***

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um ástæður þess að kosningaþátttaka í Hverfið mitt hefur dalað mikið milli ára. Árið 2021 var hún 16.4 % en er nú 12%. Áberandi lægst er útkoman í Breiðholti, Vesturbæ og Miðbæ. Er vitað til þess af hverju þátttaka er svo dræm í þetta lýðræðisverkefni? Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að þetta verði skoðað með tilliti til framtíðar. Hverfið mitt er dýrt verkefni í meðferð borgarinnar, það krefst auglýsinga og mannafla. Nokkrar vangaveltur hafa einnig verið um lýðræðisþáttinn þegar kemur að því hvaða verkefni sem er ofarlega á lista eru framkvæmdar og hvernig endanleg útfærsla er. Skemmst er að minnast á Vulgar stigann í efra Breiðholti sem fór fyrir brjóstið á fjölda manns. MSS23110145